

Nýr kjarasamningur undirritaður við Félag íslenskra hljómlistaramanna 15. desember 2020

Þann 15. desember 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistaramanna (FÍH) nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

Áður en lengra er haldið er til gamans rétt að geta þess að þessi kjarasamningur við FÍH er fyrsti samningur sambandsins til nokkuð margra ára sem undirritaður er áður en fyrri samningur er runninn sitt skeið. Það góða markmið sem ávallt er haft að leiðarljósi um að samningur taki við af samningi tókst því í þetta skiptið og vonandi getur svo orðið um fleiri kjarasamninga í næstu framtíð.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa félagsmanna FÍH skv. launatöflum A-2 og B-2:

1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Önnur laun, ný grein 1.1.4

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Grein 1.3.1 Starfsheiti breytist frá 1. september 2020:

Breyting er gerð á viðmiðum vegna röðunar í starfsheitið tónlistarskólakennari II.

Grein 1.4.7 Viðbótarlaunafl. v/stjórnunarreynslu skólastjórnenda breytist frá 1. september 2020:

Frá og með 1. september 2020 fá skólastjórnendur allt að 5 launaflokka vegna stjórnunarreynslu, einn lfl. fyrir 5 og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að nú verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla. Eingöngu skal meta kennsluferil í leik-, grunn-, framhalds- og/eða háskólum vegna kennslustarfa eftir að viðkomandi stjórnandi lauk háskólaprófi. Þá er metinn kennsluferill við tónlistar- og listaskóla meðan viðkomandi stjórnandi starfaði sem tónlistarskólakennari III (áður tónlistarskólakennari IV). Skilyrði fyrir því að kennsluferill sé metin er að starfsmaður hafi verið ráðinn í a.m.k. 50% til 100% fast starfshlutfall við kennslu.

Annaruppbætur skólastjórnenda og tónlistarskólakennara á samningstímanum eru eftirfarandi:

Annaruppbót 1. júní 2021 kr. 93.505,-

Annaruppbót 1. desember 2021 kr. 93.505,-

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samninginn, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til afgreiðslu fyrir 23. desember 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 23. desember 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir með kjarasamningi aðila 2020

Í kjarasamningnum eru þær bókanir sem rötuðu inn í kjarasamninga opinberra starfsmanna á árinu en sérstaklega skal hér nefnd *Bókun 4 - Röðun í starfsheitið tónlistarskólakennari III vegna burtfararprófs*.

Í bókun 4 er fjallað um forsendu þess að tilgreind menntun teljist samsvara burtfararprófi frá viðurkenndum tónlistarskóla skv. skýringarákvæði við grein 1.3.1 um röðun í starfsheiti. Forsenda röðunar vegna burtfararprófs í starfsheitið tónlistarskólakennari III er að sú menntun sem er á bakvið burtfararpróf inniberi að minnsta kosti eins árs nám umfram framhaldspróf sem staðfest er með vitnisburðarblaði frá viðkomandi tónlistarskóla og þá er skilyrt að náminu hafi verið lokið fyrir 1. desember 2018. Með kjarasamningi FT sem undirritaður var 9. desember sl. og ákvörðun samstarfsnefndar FÍH frá 72. fundi 19. desember 2018 hefur jafnstaða félagsmanna FT og FÍH verið tryggð hvað varðar röðun félagsmanna vegna burtfararprófs.